



Reykjavík, 11. ágúst 2026

VEL26060114

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins um húsnæðismál Kaffistofu Samhjálp

Á fundi velferðarráðs þann 24. júní 2026 lagði fulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Það ríkir óvissa um húsnæðismál Kaffistofu Samhjálp, enda óvíst að starfsemi Kaffistofunnar geti til lengri tíma verið við Grensásveg 46, sjá úrskurð umhverfis- og auðlindamála frá 23. júní 2026 í máli UUA2604002. Spurt er, kemur til álita að velferðarsvið Reykjavíkur komi með virkum hætti að því að leysa húsnæðismál Kaffistofunnar?

Svar:

Kaffistofa Samhjálp hefur um langt skeið veitt mikilvæga þjónustu fyrir fólk sem býr við fátækt, heimilisleysi og annan félagslegan vanda. Á undanförnum misserum hefur starfsemin glímt við verulegan húsnæðisvanda í kjölfar þess að fyrra húsnæði í Borgartúni var rífið og nauðsynlegt varð að finna nýja staðsetningu fyrir starfseminna. Kaffistofan hefur síðastliðna mánuði fengið inni í Hvítasunnukirkju Fíladelfíu í Hátúni 2, 105 Reykjavík.

Samhjálp fékk byggingarleyfi fyrir starfsemi að Grensásvegi 46 í mars 2026. Þann 23. júní 2026 felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hins vegar byggingarleyfið úr gildi í máli nr. UUA2604002. Niðurstaða nefndarinnar byggðist á annmörkum á málsmeðferð, meðal annars vegna skorts á deiliskipulagi, en ekki á því að starfsemi Kaffistofu Samhjálp væri í sjálfu sér óheimil á staðnum. Afleiðing úrskurðarins er að áfram ríkir óvissa um framtíðarhúsnæði Kaffistofunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Samhjálp þjónar starfsemin um 100-150 einstaklingum daglega með mat, skjól og tengingu við frekari stuðning og úrræði. Samtökin hafa jafnframt bent á að verulegur kostnaður hafi fallið til vegna undirbúnings og breytinga á húsnæðinu við Grensásveg.

Starfsfólk velferðarsviðs gerir sér grein fyrir mikilvægi þeirrar þjónustu sem Kaffistofa Samhjálpar veitir. Hins vegar eru Samhjálp sjálfstæð félagasamtök sem bera ábyrgð á eigin húsnæðisöflun og rekstri. Velferðarsvið hefur ekki formlegt hlutverk við að útvega félagasamtökum húsnæði né hefur sviðið yfir að ráða sérstöku húsnæði til úthlutunar í þessu skyni. Þegar upp koma aðstæður sem þessar getur Reykjavíkurborg þó, eftir atvikum og innan þeirra heimilda sem fyrir hendi eru, átt samtal og samstarf við



Reykjavík



viðkomandi aðila, veitt upplýsingar um ferla og leiðbeint um möguleg úrræði. Húsnæðisleit og ákvörðun um framtíðarstaðsetningu Kaffistofunnar er þó á ábyrgð Samhjálpar.

Velferðarsvið er reiðubúið til samvinnu og samtals við Samhjálp eftir því sem þörf krefur vegna þeirrar mikilvægu samfélagsþjónustu sem samtökin veita.



Reykjavík